

1869.  
29. maí.

**52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um ráðstafanir til að afstýra hallæri á Íslandi sökum matarskorts.**

Útaf því, að undanfarin ár hefir hvað eptir annað í ýmsum héraðum á Íslandi verið svo mikil ekla á matvælum, að það hefir verið hætt við hallæri og orðið að gjöra sérstaklegar ráðstafanir gegn slíkri hættu, eruð þér bednir, herra stiptamtmaður, að taka til fhugunar, og ef yður svo sýnist, sem konungsfulltrúi á alþingi, er nú fer í hönd, að veita þinginu færi á að ræða og láta uppi álit sitt um það atriði, hverjar ráðstafanir geti orðið gjörðar til þess að komast hjá framvegis, að slík neyð beri að höndum.

**53. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um útbýtingu árgjaldsins af sumum brauðum á Íslandi handa uppgjafaprestum og prestsekkjum.**

31. maí.

Í tilskipun 15. desembermán. 1865 7. grein er svo mælt fyrir, að hið lögboðna árgjald af sumum brauðum á Íslandi til styrks handa fátækum uppgjafaprestum og prestsekkjum skuli sent biskupi, og að því skuli skipt niður á sýnóðus fundi á ári hverju, en áður fyrri var höfð sú aðferð með árgjaldið, að upphæðum þeim, sem komu úr hvoru af stiptunum, sem áður voru, Skálholts stipti og Hóla stipti, var ekki slengt saman, heldur hafðar hvor útaf fyrir sig, og útbýtt eingöngu meðal uppgjafaprestanna og prestsekknanna í því stiptinu, sem hvor um sig hafði goldið úr. Þar að auki var höfð sín aðferðin í hvoru stiptinu við útbýtinguna, því að fyrir Skálholts stipti fór hún fram á sýnóðus fundi, en fyrir Hóla stipti skipti biskupinn árgjaldinu niður eptir uppástungum hlutaðeigandi héraðsprófasta, og þannig, að, þegar enginn fátækur uppgjafaprestur var til í tæðu stipti, var árgjaldinu, er galzt úr því, safnað í sjóð, er

1869.  
31. maí.

settur var á vöxtu. Útaf þessu hafið þér, háæruverðugi herra, borið þá fyrirspurn upp fyrir stjórnarráðinu í bréfi dagsettu 19. septembermán. f. á., hvort að ofan nefnd ákvörðun í 7. grein tilskipunar 15. desembermán. 1865 eigi að ná yfir allt land, eða hvort að eigi fyrir Hóla stipti að halda framvegis sömu aðferðinni í þessu efni, og áður.

Um þetta skýrði stjórnarráðið yður frá í bréfi 14. janúar-  
mán. þ. á., að það fengi ekki sæð, að gagnvart ákvörðuninni í  
7. grein tilskipunar 15. desembermán. 1865, er mælir öldungis  
almennt fyrir, að árgjöldum þessum skuli skipt niður á sýnóðus  
fundi, geti verið umtalsmál að hafa aðra aðferð við útbýtinguna  
á því fê, sem greiðist með árgjöldunum af brauðunum í Hóla  
stipti hinu forna, en þá, sem tilskipunin skipar fyrir um, en að  
frá stjórnarráðsins hálfu væri samt ekki neitt því til fyrirstöðu,  
að héraðsprófastarnir í Hóla stipti hinu forna sendi yður, há-  
æruverðugi herra, eins og hingað til, í tækan tíma, áður en  
sýnóðus er haldinn, uppástungur um útbýtinguna, og að þessar  
uppástungur verði lagðar fyrir sýnóðus, honum til leiðbeiningar  
og eptirsjónar við útbýtinguna. Að því er snertir aðalreglu  
þá, er ætti að fylgja fram við útbýtinguna, lét stjórnarráðið í  
sambandi við þetta það álit sitt í ljósi, að það sè samkvæmast  
bæði eðli málsins og ákvörðununum í tæðri tilskipun, að öll sú  
upphæð, sem greiðist með árgjöldunum af brauðunum á Íslandi,  
sè skoðuð sem ein heild, og sè skipt niður meðal allra fátækra  
uppgjafapresta og prestsekkna á landinu eptir fátækt þeirra og  
verðleikum, en án þess að neitt tillit sè haft til þess, hvar  
þeir eða þær eiga heimili. En samt bað stjórnarráðið yður,  
ef þér kynnuð að vera því ósamdóma um þetta efni, að skýra  
því frá skoðun yðar og koma fram með uppástungur, er  
þar að lytu.

Með því að þér, háæruverðugi herra, nú í bréfi dagsettu  
19. f. m. hafið fallið á skoðun þá, sem stjórnarráðið þannig  
hafi látið í ljósi, þá skal útbýting árgjaldanna framvegis fara  
fram samkvæmt því, sem hér segir að framan.

Þar sem að stjórnarráðið þar að auki hafði beðið um ná-  
kvæmari skýrslur um heimildina fyrir því, að af árgjöldunum af

1869.

31. maí.

brauðunum í Hóla stipti hinu forna hefir verið safnað í sérstakan sjóð til styrks handa uppgjafaprestum í tæðu stipti, og um uppástungur yðar um, hvernig ætti að verja þessum sjóð eptirleiðis, hafið þér getið þess, að ekki verði fundið, að fengið hafi verið æðra leyfi til að stofna sjóð þenna, sem um lok fyrra árs var 687 rd. 59 sk., en að yður virðist, að heimildin fyrir honum sé fólgin í kringumstæðunum, vegna þess að árgjöldunum af hvoru stiptinu um sig, sem áður voru, var ekki steipt saman, og að stundum bar við, að enginn fátækur uppgjafaprestur átti heima í Hóla stipti, sem að eins nær yfir 4 sýslur. Þér hafið þar að auki skýrt frá, að sömuleiðis sé til sjóður, sem safnað hefir verið í, til styrks handa fátækum uppgjafaprestum í Skálholts stipti hinu forna, 269 rd. 19 sk. að upphæð, og að vöxtunum af honum sé útbýtt á ári hverju á sýnóðus fundi.

Samkvæmt þeim skilningi á 7. grein í tilskipun 15. desembermán. 1865, sem framvegis á að fylgja fram, hlýtur stjórnarráðinu að virðast samkvæmast aðalreglunni, að báðum þessum sjóðum verði steipt saman í einn sjóð, og að vöxtunum af honum verði útbýtt á ári hverju á sýnóðus fundi eptir sömu reglum og árgjöldunum af brauðunum, og ef sjóðirnir standa á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, þá ætti, að stjórnarráðsins hyggju, heldur að kaupa fyrir þá rikisskuldabréf með 4 af 100 í leigur, því að það mundi auka árstekjurnar af þeim ekki allítið. En, áður en lengra er farið úti þetta, eruð þér beðnir, háæruverðugi herra, að veita bæði sýnóðus í sumar og próföstum í Hóla stipti hinu forna færi á að segja álit sitt um það, og senda síðan hingað öll álitsskjölin ásamt tillögum sjálfs yðar.

**54. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign.**

31. maí.

Með bréfi dagsettu 5. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskjal frá